

Fjöldi nýrra nemenda í upplýsingatæknideild á 1. námsári takmarkast við töluna 35.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði, greinandi hugsun og ensku.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda fyrir háskólaárið 2004-2005.

Háskólanum á Akureyri, 20. apríl 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa, Skjálfanda og Þistilfjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 10. júní til og með 10. ágúst á eftirtöldum stöðum:

- a) Með strandlengju í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá friðunarsvæði Hítarár í norðri að Suðurflös á Akranesi í suðri.
- b) Með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að Tjörnestá í norðri.
- c) Með strandlengju Þistilfjarðar frá Hraunhafnartanga í vestri að Fonti á Langanesi í austri.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað reglna nr. 418/2003 um sama efni.

Reykjavík, 29. apríl 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.